

Þriðjudaginn 27. júní 1989.

Nr. 104/1987. **Borgarstjórnin í Reykjavík**
f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

Hannes Kr. Davíðssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Lögbann. Höfundarréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að niður verði fellt lögbann, sem lagt var í fúgetarétti Reykjavíkur 16. október 1985 við því, að gerðar yrðu breytingar á lofti Kjarvalsstaða. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta var áður flutt hér fyrir dómi 12. febrúar 1988. Með úrskurði Hæstaréttar 9. mars s.á. var aðilum veittur kostur á að afla skoðunar- og matsgerða dómkvaddra sérfræðinga um eftirgreind atriði:

„1. rökstuddrar greinargerðar um hugsanlega kosti hinna fyrirhuguðu lofta umfram þau loft, sem fyrir eru, og þá einkum um mismunandi möguleika á notkun dagsbirtu til lýsingar á sýningar-sölunum,

2. hvort unnt sé að koma við fullnægjandi lýsingu án þess að raska núverandi loftvirkjum eða lýta þau og þá hverig,

3. kostnaðaráætlana í hverju tilviki ásamt áætlunum um hugsanlegan fjárhagslegan ávinning af frýjanda af breytingunum.“

Áfrýjandi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna. Hinn 11. október 1988 voru Ólafur M. Kjartansson og Jóhann Indriðason rafmagnsverkfræðingar dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat, og er matsgerð þeirra dagsett 13. janúar 1989. Í matsbeiðni var matsmönnum einnig falið, umfram það sem að ofan getur, að meta aðlögun raflýsingar að breytilegri notkun salanna og að hve miklu leyti unnt sé að minnka bratta (innfallshorn) þeirrar lýsingar, sem fellur á vegg.

Niðurstöður matsgerðar eru eftirfarandi:

„Atriði nr. (1) ...:

Fyrirhuguð loft gera það mögulegt að nýta dagsbirtu til lýsingar salanna. Hægt er að myrkva þakgluggana, en umbúnaður hentar ekki til að stilla dagsbirtuna. Dagsbirtan er stundum of mikil, og verður þá að loka gluggunum.

Fyrirhuguð raflýsing er til mikilla bóta frá því, sem nú er. Almenn yfirlýsing yfir loftum gefur jafna birtu um salina. Hún er dimmanleg (sic) og hægt að samræma hana dagsbirtu. Sérlýsing frá kösturum á rafbrautum gefur möguleika á miklum fjölbreytileika í lýsingu, hvar sem er í söluum, og auðveldar einnig uppsetningu á leiksýningum og skyldri starfsemi og ráðstefnuhaldi. Auðvelt á að vera að beina kösturum að myndflötum undir æskilegu horni.

Loftgrind er hluti lýsingarkerfis og gegnir vel sínu hlutverki sem slík. Hún er hlutlaus í útliti og mun að okkar mati ekki verka truflandi á gesti í söluum.

Orkunotkun til lýsingar mun minnka stórlega og rekstrarkostnaður að öðru leyti lækka.

Atriði nr. (2) ...:

Við teljum unnt að bæta lýsingu sala, svo að viðunandi sé, án þess að raska núverandi loftvirkjum. Þetta verði gert með því að setja upp lýsingarkerfi, sem í megindráttum er hliðstætt því, sem fyrirhugað er, sbr. atriði nr. (1).

Pýramídalagaðir skermar undir gluggum verði fjarlægðir og búnaður settur upp til að stjórna dagsbirtunni og sía frá útfjólubláa rafsegulgeislun. Þá teljum við æskilegt að skerma af beina sólar-geislun inn í salina.

Áður en ljósabúnaður yfir loftvirkjum er endanlega ákveðinn, þarf að mæla ísog eða dempun loftvirkja á ljósinu, sem kemur ofan frá.

Með rafbrautum, sem komið verði fyrir neðan við loftvirkin, næst fjölbreytileiki í sérlýsingu og möguleiki að beina kösturum að myndflötum undir æskilegu horni.

Við teljum nauðsynlegt að mála loftvirki einslit eða klæða þau striga í sama lit og vegg. Litavali verður að haga þannig, að andstæður verði sem minnstar og endurkastseiginleikar sambærilegir veggjum.

Atriði nr. (3) ...:

Áætlaður stofnkostnaður við breytingar er sem hér segir:

Atriði nr. (1) (sjá töflu 4 í kafla 7c)16,76 millj. kr.

Atriði nr. (2) (sjá töflu 2 í kafla 6b) 9,4 millj. kr.

Áætlaður rekstrarkostnaður eftir breytingar er í báðum tilvikum áætlaður 0,75 m.kr. (sjá töflu 3 í kafla 6c).

Rekstrarkostnaður núverandi lýsingarkerfis er 2,3 millj. kr. (sjá töflu 1 í kafla 5e).

Árlegur sparnaður í rekstrarkostnaði er því áætlaður 1,55 millj. kr.

Endurgreiðslutími, miðað við 8,5% ársvexti, er um 31 ár, ef loft eru endurnýjuð, en um 9 ár, ef núverandi loftvirki eru óbreytt.

Í þessu samhengi þykir höfundum þessarar matsgjörðar rétt að benda á, að ekki er rétt að líta eingöngu á fjárhagslegu hliðina, þegar tekin er ákvörðun um, hvort ljósabúnaði sýningarsalanna verður breytt. Samkvæmt því, sem fram kemur í köflum 5 og 6, er núverandi lýsingarkerfi ófullnægjandi um mikilvæg atriði og beinlínis varasamt, að það sé áfram í notkun án sérstakrar athugunar á magni útfjólublárrar og innrauðrar geislunar á myndverk, sem líkindi eru á, að sé of mikil samkvæmt niðurstöðum okkar.“

Matsmennirnir staðfestu matsgerð sína fyrir dómi 24. maí sl.

II.

Telja verður, að hin umdeildu loft í sýningarsölum Kjarvalsstaða njóti verndar 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. höfundalaga er eiganda mannvirkis, sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar „að því leyti, sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum“. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til höfundalaga, segir m.a. um 13. gr.: „Um breytingar ber að hafa í huga, að verndin nær aðeins til hins listræna forms verksins, og eru ýmsar aðgerðir á mannvirkinu óháðar því, t.d. að jafnaði breytingar á herbergjaskipun innan húss. En þegar breytingin hefur áhrif á hið listræna form, verður að meta hverju sinni, hvort meira má sín, tillitið til hagsmuna höfundar og þá einkum réttar hans eftir 4. gr., eða tillit til hagsmuna eiganda, sem venjulega eru fjárhagslegs eðlis. Við matið kemur m.a. til greina, hvort eiganda er unnt að bæta úr þörf sinni með öðrum hætti og hver kostnaðarauki honum yrði að því.“

Í þessu máli er ætlað að ráðast í gagngerar breytingar á loftvirkjum sýningarsala Kjarvalsstaða og ljósabúnaði. Breytingar þessar fela í sér flókin tæknileg atriði og kostnaðarútreikninga. Kjarvalsstaðir voru hannaðir til þess að vera alhliða menningar-miðstöð, en þó svo, að myndlist skyldi skipa þar sérstakan sess. Í tilviki sem þessu verður eigandi mannvirkis að gera sennilegt, að breytingar séu nauðsynlegar vegna afnota hússins eða af tæknilegum ástæðum, enda er hér um opinbera byggingu að ræða, sem almenningur á aðgang að. Öðru máli getur gegnt um hús (mannvirki) í einkaeign.

Eins og lýst er í niðurstöðu matsgerðar, telja matsmenn unnt að bæta lýsingu sýningarsalanna á Kjarvalsstöðum, svo að viðunandi sé, án þess að raska núverandi loftvirkjum. Áætlaður stofnkostnaður við hin fyrirhuguðu loft áfrýjanda er mun meiri en stofnkostnaður við breytingu á lýsingu án þess að raska núverandi lofti, og áætlaður rekstrarkostnaður eftir breytingar er í báðum tilvikum hinn sami. Matsmenn telja þó nauðsynlegt að mála loftvirkin einslit eða klæða þau striga í sama lit og vegg, þar sem mikill munur sé á ljóma svartmálaðra reita í lofti og hvítmálaðs bakgrunns þeirra, og geti það verkað truflandi á fólk og dregið athyglina frá myndverkum á veggjunum.

Í framburði matsmannsins Jóhanns Indriðasonar fyrir dómi kom fram, að erfitt er að skilgreina, hvað sé eðlileg ljómadreifing í sýn-

ingarsal, og ekki gat hann sagt til um það, hvort núverandi loft Kjarvalsstaða verkaði truflandi á þá, sem þar njóta myndlistar. Þannig er ekki sýnt fram á, hvort þetta varðar lýsingartæknileg atriði eða eingöngu sjónhrif.

Aðilar máls þessa deila ekki lengur um breytingar á lýsingar-búnaði í sýningarsölum Kjarvalsstaða. Lögbannsbeiðni stefnda verður að skilja á þann veg, að krafist sé lögbanns við þeim fyrir-huguðu breytingum á formi og útliti loftanna, sem fram koma á teikningum þeim, sem fyrir liggja í málinu, sbr. bréf áfrýjanda til stefnda 26. júlí 1985.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki gert sennilegt, að nauðsynlegt sé vegna afnota Kjarvalsstaða eða af tæknilegum ástæðum að gera þær breytingar á formi og útliti lofta sýningarsalanna, sem áfrýjandi hyggst gera, og ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um lögbann við þeim.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnda, Hannesi Kr. Davíðssyni, 200.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Arnljóts Björnssonar, setts hæstaréttardómara, og
Sigurðar Reynis Péturssonar hæstaréttarlögmanns.**

I.

Við erum samþykkir því, sem segir í atkvæði meiri hluta dómenda fram að II. kafla, en teljum, að dómur ætti að öðru leyti að hljóða svo:

II.

Í forsendum matsgerðar er vikið að ýmsum ágöllum á núverandi fyrirkomulagi lýsingar og loftvirkja að Kjarvalsstöðum. Þar segir

m.a.: „Mikill munur er á ljóma svartmálaðra reita í lofti og hvít-málaðs bakgrunns þeirra í báðum sölunum. Andstæða („contrast“) milli þessara tveggja hluta loftsins er því mikil.“ Þá segir í forsendum: „Mestum truflunum veldur hin skarpa andstæða milli hinna svörtu reita í lofti og hvítmálaðs bakgrunns þeirra. ... Þessi andstæða vex, þegar slökkt er á raflýsingu. Vegna stærðar salanna er loftið ávallt í sjónsviðinu, þegar menn horfa frá sér, og dregur óhjákvæmilega að sér athyglina. Andstæðurnar eru sérstaklega skarpar milli ljóslínu, sem myndast á loftgrindinni vegna ljósstreymis frá ljósgjöfum, sem lýsa á útveggina, og svörtu reitanna.“ Áður er að því vikið í forsendum matsgerðar, að „augljós grundvallarregla, sem fylgt er við hönnun lýsingar í sýningarsölum, er, að lýsingin sé þannig úr garði gerð og fyrir komið, að athygli áhorfandans sé fyrst og fremst beint að sjálfum myndverkunum.“ Enn fremur segir í matsgerð: „Ljómadreifing á veggjum ... er einnig afar óheppileg, þegar raflýsingin er á. Vegna afskermandi áhrifa hins falska (sic) lofts er sá hluti veggja, sem er ofan við u.þ.b. 3,2 m frá gólfi, mun verr lýstur en sá hluti, sem er neðan við 3,2 m.“ Telja matsmenn þetta óheppilegt, einkum vegna þess að stór myndverk geti lent innan dökkar randar, sem komi á veggina í 3,2 m hæð frá gólfi.

Loks er í matsgerð vikið að nokkrum öðrum annmörkum á lýsingarkerfi að Kjarvalsstöðum, sem bæta þurfi úr. Einnig er bent sérstaklega á, að „falska“ loftið sé veigamikill þáttur í lýsingarkerfi sýningarsalanna. Það komi að mestu í veg fyrir, að bein sólargeislun nái niður í sýningarsalina, og dragi verulega úr þeirri birtu, sem annars myndi berast frá þakgluggum niður í þá.

III.

Telja má, að hin umdeildu loft í sýningarsölum Kjarvalsstaða njóti verndar eftir 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972.

Samkvæmt 3. gr. þeirra laga hefur höfundur einkarétt til að breyta verki sínu, og eftir 2. mgr. 4. gr. er óheimilt að breyta verki höfndar með þeim hætti, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni. Gilda þessar reglur óskorað um þau verk, sem eingöngu eru gerð til listnautnar.

Allt öðru máli gegnir um verk, sem jafnframt hafa nytjagildi. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. höfundalaga er eiganda mannvirkis, sem

nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, heimilt að breyta því án samþykkis höfundar að því leyti, sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum. Öðrum listmunum á sviði nytjalistar er algerlega frjálst að breyta án samþykkis höfundar, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Í matsgerð er bent á tvær leiðir til úrbóta. Er önnur sú að gera þær breytingar á loftum og lýsingu sýningarsalanna, sem áfrýjandi hyggst gera, og ráða má af matsgerðinni, að sú aðgerð sé fullnægjandi. Þá telja matsmenn unnt án þess að raska núverandi mannvirkjum að bæta lýsingu „svo að viðunandi sé“. Hins vegar sé þá „nauðsynlegt að mála loftvirkin eins lit eða klæða þau striga í sama lit og vegg“. Orkar ekki tvímælis, að matsmenn telja, að umræddar endurbætur á lýsingu nái ekki tilgangi sínum, nema litum loftvirkja sé breytt.

Fyrir héraðsdómi og hér fyrir dómi hefur komið skýrt fram af hálfu stefnda, að hann hafnar með öllu slíkum breytingum á lit hins umdeilda verks. Kveður hann verkið vera „expressionískt“ verk og að frá sinni hálfu skuli það standa þannig.

Er því ljóst, að stefndi samþykkir hvoruga þá leið, er matsmenn telja færa til þess að ná þeim markmiðum, sem áfrýjandi stefnir að.

Álíta verður nægilega leitt í ljós með matsgerð hinna dómkvöddu manna, að nauðsynlegt sé vegna afnota af sýningarsölum Kjarvalsstaða og af tæknilegum ástæðum að gera breytingu á lýsingu og loftum þeirra. Þetta styðst og við áskorun fjölmargra myndlistarmanna og umsögn listráðs Kjarvalsstaða.

Samkvæmt framangreindu verður að telja, að áfrýjanda sé heimilt án samþykkis stefnda að breyta loftum sýningarsalanna á þann hátt, sem áfrýjandi hyggst gera. Ber því að fella lögbannið frá 16. október 1985 úr gildi.

Að fenginni þessari niðurstöðu þarf ekki að taka afstöðu til þess, hvort líta beri svo á, að umdeild loft séu sjálfstæð listaverk, þ.e. ekki þáttur í húsinu Kjarvalsstöðum sem heild, en þegar svo stendur á, getur eigandi eftir almennum reglum höfundaréttar fjarlægt verkið án samþykkis höfundar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 16. október 1985 við því, að áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík, geri eða láti gera breytingu á lofti í húsinu Kjarvalsstöðum í Reykjavík, er úr gildi fellt.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. janúar sl., hefur Hannes Kr. Davíðsson arkitekt, Þórukoti, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, höfðað fyrir dóminum 19. desember 1985 á hendur Davíð Oddssyni borgarstjóra f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur til staðfestingar á lögbanni og til greiðslu málskostnaðar.

Stefnandi er arkitekt hússins Kjarvalsstaða, sem Reykjavíkurborg lét reisa á Klambratúni á árunum 1968 til 1973. Í húsinu eru tveir aðalsýningar-salir fyrir myndlist, svokallaður austursalur og vestursalur. Þakgluggar hleypa dagsbirtu inn í sýningarsalina, 48 í vestursal, en 36 í austursal. Undir þaki í sölum þessum er laust loft, sem hleypir ljósi niður í sýningarsalina og ber uppi raflampa. Undir gluggunum eru hjálmar, sem endurkasta dagsljósnu upp í þakið. Loftvirki þessi mynda mynstur, og hefur stefnandi hannað þau eins og aðra hluta hússins utan og innan.

Loftvirkin eru aðallega úr lóðréttum flekum, sem mynda eins konar kassa, opna að ofan og neðan. Kassar þessir eru í svörtum og hvítum lit og settir saman úr járngrind og plötum úr misjafnlega hörðu efni, sem hafa áhrif á hljómburð.

Hinn 30. september 1985 sendi stefnandi fógetadómi Reykjavíkur beiðni um, að lagt yrði lögbann við því, að borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs gerði eða léti gera breytingar á lofti og lýsingu í sýningarsölum Kjarvalsstaða. Hinn 14. október 1985 var í fógetadómi Reykjavíkur kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Umbeðið lögbann nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn tryggingu, að upphæð 100.000,00 kr. Málskostnaður fellur niður.

Hinn 16. október 1985 lagði fógeti lögbann við því, að gerðarþoli gerði eða léti gera breytingu á lofti og lýsingu í húsinu Kjarvalsstöðum á Klambratúni í Reykjavík.

Kröfur aðila.

Stefnandi krefst þess fyrir bæjarþinginu, að lögbannið verði staðfest. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í lögbannsmálinu í fógetadómi og bæjarþingsmáli þessu, að mati dómsins.

Af stefnda hálfu er þess krafist, að lögbannið verði felld úr gildi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar vegna lögbannsmálsins og máls þessa að mati dómsins.

Á árinu 1982 komu fram í stjórn Kjarvalsstaða óskir um breytingar á loftum í sýningarsölum hússins. Hófust þá þegar viðræður við borgarverkfræðing um málið, og stjórn Kjarvalsstaða samþykkti 7. október 1982 að fela stefnanda að gera tillögu um breytingar á loftunum. Kom strax fram af hálfu stefnanda, að hann vildi helst engu breyta.

Gagnrýni, sem óskir um breytingar á loftunum byggðust á, kom fram í 5 liðum eins og hér segir:

1. að loftið væri of áberandi og formfast, svo að það drægi að sér athygli og truflaði skoðendur listaverka; af þessum sökum nytu listaverk á veggjum salanna sín ekki sem skyldi,
2. að loftið sem slíkt drægi um of úr dagsbirtu, sem kemur um þakglugga,
3. að ljósabúnaður væri of orkufrekur,
4. að erfitt væri að koma fyrir kösturum til að lýsa einstök verk og ljós félli að hluta til of bratt á vegg og málverk,
5. að ekki væri unnt að myrkva salina, þ.e. draga fyrir þakglugga, en það er oft æskilegt á ráðstefnum vegna sýninga á litskyggnum og þess háttar.

Loks hefur því verið hreyft, að þótt sólargeislar eigi ekki að geta fallið beint inn í sýningarsalina, myndist á sérstökum árstímum litlir sólblettir á veggjum. Af hálfu stefnda er þó ekki gert mikið úr þessu atriði. Í upphaflegum teikningum hússins var gert ráð fyrir myrkvunarbúnaði, en framkvæmdum virðist hafa verið frestað.

Eftir að margsinnis hafði verið reynt af hálfu stefnda að fá stefnanda til að hanna ný loft eftir óskum myndlistarmanna, var farið að huga að öðrum hönnuðum. Athuganir í því sambandi leiddu í ljós ný gagnrýnisatriði, svo sem að lömpum væri komið fyrir of hátt uppi í loftvirkjunum og að þeir væru ekki nógu sveigjanlegir, að lýsingin væri of gul og að lamparnir gæfu frá sér of mikinn hita og yllu þannig erfiðleikum við loftræstingu og að þeir væru mjög orkufrekir.

Á árinu 1984 var Steinþóri Sigurðssyni, listmálara og leiktjaldamálara, falið að hanna ný loft í samvinnu við Rafhönnun hf. og byggingardeild borgarverkfræðings. Steinþór gerði síðan tillögur og líkan að nýjum loftum. Af stefnda hálfu eru hinar nýju tillögur taldar stórkostleg endurbót, þar sem dagsbirta verði mun meiri en áður, sólargeislar á veggum hverfi, stefnuhorn raflýsingar á veggum verði betra en áður og, eins og best sé talið, notkun raflýsingar muni minnka og orkunotkun raflýsingar minnka um 75-80%. Af stefnda hálfu er þó viðurkennt, að skipta megi um ljósabúnað

án þess að breyta útliti lofts, en talið er, að slíkan búnað þyrfti að sérhanna og erfitt yrði að ráða bót á öllum göllum með óbreyttu lofti.

Samkvæmt 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, teljast listaverk á sviði byggingarlistar til þeirra verka, sem verndar njóta samkvæmt lögnum, en skv. 3. gr. hefur höfundur almennt einkarétt á að breyta verki sínu. Samkvæmt 4. gr. er almennt óheimilt að breyta verki höfundar með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni. Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 60. gr. taka ákvæði laganna um höfundarétt m.a. til bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum, og skv. 63. gr. taka ákvæði laganna til listaverka, sem orðið hafa til fyrir gildistöku laganna.

1. mgr. 13. gr. höfundalaganna er svohljóðandi: Nú nýtur mannvirkir verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti, sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess, eða af tæknilegum ástæðum.

Málsástæður.

Stefnandi telur sig hafa leyst bæði tæknileg og fagurfræðileg vandamál við hönnun loftanna á þann veg, að fullnægi þeim kröfum, sem til slíks séu almennt gerðar.

Hann kveður loftin í sýningarsölum Kjarvalsstaða vera óaðskiljanlegan hluta hússins frá listrænu sjónarmiði. Hann telur fyrirhugaðar breytingar á loftum rjúfa það heildarform, sem húsinu hafi verið gefið, og hafa áhrif á hljómburð. Stefnandi telur hönnun hússins hugverk, sem njóti verndar höfundalaga, svo að óheimilt sé að breyta því á fyrirhugaðan hátt án síns samþykkis. Hann telur fyrirhugaðar breytingar hljóta óhjálvæmilega að skerða höfundarheiður sinn. Stefnandi telur stefnda enga nauðsyn á að breyta húsinu, hvorki vegna afnota þess né af tæknilegum ástæðum. Stefnandi telur stefnda hafa sönnunarbyrðina fyrir því, að fyrirhugaðar breytingar séu nauðsynlegar, en allar fyrirhugaðar breytingar á loftunum ólögmæta röskun á lögvernduðum rétti sínum sem höfundar hins verndaða verks og skilyrði 13. gr. höfundalaga ekki fullnægt. Hann telur vernd höfundalaganna ná jafnt til innra og ytra útlits hússins og fyrirhugaðar breytingar skerða höfundarsérkenni sín. Hann álitur, að sá, sem reisir rétt sinn á 13. gr. höfundalaga, verði að sanna á öyggjandi hátt, að skilyrði hennar eigi við, og telur, að líta beri á ákvæði hennar sem þrönga undantekningarreglu. Hann álitur, að engum gögnum sé til að dreifa, sem bendi til nauðsynja á breytingum, hvorki vegna afnota né af tæknilegum ástæðum.

Við munnlegan flutning málsins var sérstaklega bent á það af hálfu stefnanda, að húsið hefði frá upphafi verið ætlað til opinberra nota, sérstaklega hannað til sýninga á myndlist, auk tónlistar- og leiklistarflutnings, bók-

menntakynningar, annarrar menningarstarfsemi og ráðstefnuhalds, það hefði með nokkrum hætti átt að vera eins konar minnismerki og opinber bygging opin almenningi. Stefnandi telur hagsmuni sína sem höfundar vera mun meiri en hagsmuni stefnda af breytingum, auk þess sem breytingarnar séu í andstöðu við upphaflegan tilgang, eins og hann komi fram í reglum borgarstjórnar frá 16. maí 1971.

Um fyrsta gagnrýnisatriði, að loftið sé áberandi, hefur stefnandi bent á, að þar sé um að ræða huglæg sjónarmið, sem ekki verði lögð til grundvallar við hagsmunamat skv. 13. gr. höfundalaga. Hann kveður ógerlegt að hleypa dagsljósi inn í húsið óbeisluðu. Núverandi ljósabúnað telur stefnandi hafa ótvíræða kosti sem almenna lýsingu fram yfir þá lýsingu, sem fyrirhuguð er. Orkunotkun ljósabúnaðarins telur hann tæknilegt atriði, sem ekki komi formi loftsins við. Varðandi kostnað bendir hann á, að taka verði tillit til stofnkostnaðar, ef meta eigi sparnað af því að skipta um ljósabúnað.

Stefnandi álitur auðvelt að koma fyrir ljóskösturum, hvar sem er á loftvirkjunum. Þá telur hann hafa komið fram, að loftraki í sölunum sé ekki meiri en sérfræðingar áltí hæfilegan og að ekkert sé við hitastig að athuga. Hann telur ósannað, að kostnaður við núverandi lýsingu sé óhæfilega mikill. Við málflutninginn var lögð áhersla á það af hálfu stefnanda, að krafist væri staðfestingar á banni við breytingum á útliti og formi loftsins, en ekki á tækninni við lýsinguna. Stefnandi kveðst ekkert hafa á móti lausri lýsingu undir loftinu og ekki geta bannað að koma fyrir ljóskösturum. Hann hyggur auðvelt að koma fyrir hvers konar ljósabúnaði án þess að fjarlægja loftvirkin.

Stefndi telur ótvírætt, að hann hafi sem eigandi hússins leyfi til að breyta loftum í húsinu, og telur langa og ríka hefði fyrir því, að eigendur húsa breyti þeim eftir þörfum og aðstæðum, án þess að samþykki arkitekts komi til. Stefndi telur fráleitt að telja ljósabúnað og umgerð um hann sjálfstætt listaverk, sem njóti verndar höfundalaga. Þótt umbúnaður þessara nytjahluta geti vissulega haft listrænt yfirbragð og sérkenni, telur stefndi notagildið vera það, sem máli skipti. Hann telur frágang á lofti Kjarvalsstaða frá hendi stefnanda í mesta lagi geta notið verndar sem nytjalist skv. 2. mgr. 13. gr. höfundalaga eða ef til vill sem mynstur skv. 10. gr. Tekið er fram af hálfu stefnda, að ekki standi til að raska meginskipan eða heildarsvip verks stefnanda, enda verði ekki annað séð en höfundur hafi fullan sóma af verki sínu eftir sem áður. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að jafnvel þótt loft Kjarvalsstaða teldist listaverk og nyti verndar sem slíkt, heimili höfundalög einmitt þess konar breytingar, sem fyrirhugaðar eru. Stefndi álitur, að 13. gr. höfundalaga veiti eigendum mannvirkja rúma heimild til breytinga. Hann telur bæði tæknilegar ástæður og afnot

gera breytingarnar nauðsynlegar, svo að öllum skilyrðum 13. gr. sé fullnægt. Þótt ekki kæmi annað til en fjárhagslegir hagsmunir, telur stefndi skilyrðunum um nauðsyn breytinga vera fullnægt. Hann telur orkusóun á Kjarvalsstöðum engri átt ná og að stefnandi eigi engan lagarétt á því að stjórna útgjöldum stefnda á þessu sviði um allan aldur. Stefndi vitnar til framangreindra gagnrýnisatriða, sem fram hafa komið í stjórn Kjarvalsstaða, og til álits byggingardeildar skrifstofu borgarverkfræðings á fram komnum tillögum um breytingar. Einkum er bent á, að breytingar á lampa-búnaði muni leiða til orkusparnaðar um 75-80%.

Við munnlegan málflutning kom fram af hálfu stefnda, að í reynd hefðu myndlistarsýningar verið ráðandi í rekstri Kjarvalsstaða og að upphaflegar reglur um húsið væru þess eðlis, að stefnandi gæti ekki byggt rétt á þeim, enda væri á valdi borgarstjórnar að breyta þeim eftir því, sem ástæða þætti til, og hefði svo verið gert; ekkert væri eðlilegra nú, um 20 árum eftir að húsið var hannað, en búnaður hússins væri endurskoðaður, m.a. með hliðsjón af tæknipróun. Af stefnda hálfu er ekki fallist á, að borgin þurfi að leggja fram ótvíræð gögn um, að fyrirhugaðar breytingar borgi sig, og bent er á, að ekki yrði ódýrt að bæta úr því, sem áfátt er, án þess að fjarlægja loftin. Þegar öll gagnrýnisatriði eru skoðuð í samhengi, telur stefndi, að ljóst sé, að öllum markmiðum verði ekki náð, án þess að loftin verði fjarlægð. Umboðsmaður stefnda itrekar, að húsið og búnaður þess hafi umfram allt nytjatilgang og verði að leggja höfuðáherslu á það, þótt hann vilji ekki tala gegn því, að verið geti, að húsið sé jafnframt lista-verk.

Álit dómsins.

Dómendur telja, að loft það, sem um er deilt í málinu, sé svo sérstætt, að stefnandi hljóti sem höfundur þess að njóta þeirrar verndar, sem höfundum verka á sviði byggingarlistar er veitt í höfundalögum. Þykir bera að fallast á það með stefnanda, að hann njóti þessarar verndar vegna loftsins sem hluta byggingarinnar í heild. Vernd þessi nær þó einvörðungu til hins listræna forms loftsins, en ekki til lýsingar í sölunum, sem stefnda telst heimilt að breyta að því marki, að breytingarnar skerði ekki form og útlit loftanna.

Í samræmi við athugasemdir, sem fylgdu frumvarpi til höfundalaga, þykir bera að leggja mat á það í úrlausn dómsins, hvort megi sín meira, annars vegar tillitið til hagsmuna stefnanda, sem samkvæmt 1. gr. höfundalaga á eignarrétt að verki sínu, og hins vegar tillitið til stefnda sem eiganda mannvirkisins. Við mat þetta verður að taka sérstakt tillit til höfundarheiðurs stefnanda, en varðandi hagsmuni stefnda ber einkum að hafa fjárhagsleg atriði í huga. Til þess ber að líta, hvort stefnda er unnt

að bæta úr þörf sinni með öðrum hætti en fyrirhuguðum breytingum, og þá, hvort verulegur kostnaðarauki yrði að því fyrir stefnda.

Aðilar hafa nokkuð deilt um, hversu harðir kostir eiganda mannvirkis séu settir í 1. mgr. 13. gr. höfundalaga. Heldur stefndi því fram, að orðalag ákvæðisins jafngildi því, að í greininni væri mælt fyrir um, að honum séu breytingar heimilar að því leyti, sem þörf sé á, vegna afnota eða af tæknilegum ástæðum, eða jafnvel, að einungis segði, að honum væru breytingar heimilar vegna afnota eða af tæknilegum ástæðum. Af hálfu stefnanda er því hins vegar haldið fram, að notkun orðsins „nauðsyn“ takmarki rétt húseiganda til breytinga, svo sem þar stæði „brýn nauðsyn“. Úr þessum ágreiningi þykir ekki þörf að leysa til fullnustu, þar sem niðurstaða málsins hlýtur að fara eftir hagsmunamati, hvor skýringarkosturinn sem valinn er. Dómendur fallast á það með stefnanda, að við hagsmunamat skv. 13. gr. skipti máli, að húsið er gagngert reist sem opinber bygging, sem sérstakar listrænar kröfur eru gerðar til, og að byggingin er sérstaklega ætluð til að vera opin almenningi til listnautnar.

Fjöldi gagna hefur verið lagður fram um nauðsyn breytinga, og umfangsmiklar vitnaleiðslur hafa farið fram. Þá hefur stefnandi gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum.

Stefndi hefur leitast við að sýna fram á, að viðtæk óánægja sé meðal myndlistarmanna með loftin í sölunum og lýsingu þeirra. Fram hefur komið, að í framkvæmd hefur húsið einkum verið notað til myndlistarsýninga. Af stefnda hálfu hefur verið lögð fram áskorun um 100 myndlistarmanna til stefnanda, lögð fram í stjórn Kjarvalsstaða 16. desember 1985, að hann gangi þegar til samninga við borgaryfirvöld. Hinn undirritaði texti felur jafnframt í sér yfirlýsingu um, að nauðsynlegt sé að gera breytingar á lofti Kjarvalsstaða, til að lýsing verði viðunandi og sýningarsalir geti gegnt hlutverki sínu.

Yfirlýsing þessi, studd öðrum gögnum, þykir veita næga vísbendingu um, að meðal íslenskra myndlistarmanna, sem eru aðalnotendur húsnæðisins, sé viðtæk óánægja með lýsingu í sýningarsölunum, og þykir verða að fallast á það með stefnda, að hann hafi réttmæta þörf fyrir að geta komið til móts við eindregnar óskir þeirra manna, sem þannig hafa mest not af sýningarsölunum. Hins vegar verður ekki dregin sú ályktun af yfirlýsingu myndlistarmannanna og áskorun þeirra á stefnanda, að þeir standi að sama skapi að baki fyrirhuguðum breytingum á verki stefnanda, sem stefndi hefur falið öðrum hönnuði.

Því verður ekki á móti mælt, að loftvirkin eru mjög áberandi og draga að sér athygli. Það er þó álitaefni, hvort þetta verði talið kostur eða löstur, og auk þess verður ekki talið, að sýnt hafi verið nægilega fram á, að ekki sé unnt að verða við eðlilegum óskum um þetta atriði án þess að fjarlægja

loftvirkin, til dæmis með litabreytingum. Litabreytingar eru ekki meðal fyrirhugaðra breytinga, sem lögbannið beinist að, og verður ekki um það dæmt í þessu máli, hvort stefnda séu þær heimilar með eða án samráðs eða samþykkis stefnanda, en ljóst er, að ef einungis væri um litabreytingar að ræða, yrði hagsmunamat stefnda hagfelldara en þegar því er að skipta að taka niður loftvirkin og setja önnur í staðinn.

Á það þykir verða að fallast með stefnanda, að almennt sé nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að sólarljósið falli óhindrað á sýningarverk, og um þetta atriði virðist raunar ekki vera ágreiningur í málinu. Sá búnaður, sem stefnandi hefur hannað, felur í sér, að sólargeislar falla ekki óbrotnir á sýningarfleti nema í óverulegum undantekingartilvikum. Stefndi þykir ekki hafa sýnt fram á, að hindranir á vegi sólargeisla, sem felast í hugmynd stefnanda, dragi um of úr dagsbirtu eða að sú lausn, sem í hinum nýju hugmyndum felst, hafi svo ótvíræða kosti fram yfir úrlausn stefnanda, að fórna beri höfundarhagsmunum hans fyrir þá.

Stefndi þykir hafa sýnt fram á, að núverandi ljósabúnaður sé mjög orku-frekur og að verulega mætti draga úr orkunotkun með þeirri lýsingu, sem hin nýja hugmynd gerir ráð fyrir. Hins vegar þykir ekki hafa verið sýnt nægilega fram á, að stefnda sé einsýnn hagur að því fjárhagslega að ráðast í breytingarnar, þegar stofnkostnaður er tekinn inn í dæmið. Þá þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að ófært sé að breyta raflýsingu án þess að breyta verulega útliti loftsins. Telur dómurinn, að koma megir fyrir flúrljósum í eða ofan við loftvirkin og hentugum búnaði fyrir ljóskastara neðan á þeim eða undir þeim, án þess að útlitsspjöll yrðu að.

Upplýst hefur verið, að lampa, sem komið hefur verið fyrir ofarlega í loftvirkjunum, má færa eitthvað neðar, svo að ljósið falli ekki eins bratt á vegg og nú.

Eins og áður segir, var gert ráð fyrir búnaði til að myrkva salina í hugmynd stefnanda, og hann hefur boðist til að hanna slíkan búnað, svo að þess vegna þykir ekki vera þörf á að fjarlægja loftin.

Gögn málsins benda til, að búið sé að ráða bót á erfiðleikum við hitastillingu, rakastig og loftræstingu. Um orkusóun, sem felst í kælingu á hita, sem ljóstækin gefa frá sér, vísast til þess, sem áður var sagt um fjárhagsleg atriði og breytingar á ljósabúnaði.

Að öllu samanlögðu þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að breytingar þær, sem hann hefur fyrirhugað á loftum sýningarsalanna á Kjarvalsstöðum, séu honum nauðsynlegar vegna afnota hússins eða af tæknilegum ástæðum í þeim mæli, að vegna þeirra beri að fórna höfundarhagsmunum stefnanda á þann hátt, sem í hinum fyrirhuguðu aðgerðum felst.

Stefnandi hefur orðað kröfur sínar í málinu svo, að krafist er staðfestingar á banni við breytingum „á lofti og lýsingu ...“, sem stefndi boðaði í bréfi

til stefnanda, dags. 26. júlí 1985“. En fyrirhuguðum breytingum er ekki lýst í nefndu bréfi. Eins og greint hefur verið frá, er lögbannið lagt við því, að gerðarþoli geri eða láti gera breytingar á lofti og lýsingu á Kjarvalsstöðum. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki talið, að höfundarréttur stefnanda nái til lýsingarinnar sem slíkrar, og verður því samkvæmt ofangreindum ályktunum staðfesting á lögbanni einungis veitt, að því er varðar breytingar á lofti. Samkvæmt þessum málalokum verður talið, að stefnandi hafi unnið málið í öllu verulegu, og þykir þá skv. 177. gr. laga nr. 85/1936 bera að dæma honum málskostnað úr hendi stefnda, sem þykir hæfilega ákveðinn 175.000,00 krónur.

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram skýrsla, sem mun geyma tillögur að fyrirhuguðum breytingum. Allur texti skýrslunnar er á erlendu máli, en skýringarmyndir og uppdrættir fylgja. Engin þýðing fylgir skjali þessu, en í öðrum gögnum málsins koma fram ýmsar upplýsingar um efni tillagna.

Áður en aðalflutningur hófst, gerði borgarlögmaður formanni dómsins viðvart um, að hann óskaði að leggja fram fleiri skjöl. Þinghald til framlagningar var ákveðið 21. janúar sl. Umboðsmaður stefnanda gat þá ekki sótt þing vegna forfalla, en borgarlögmaður afhenti dómáranum skjölin, sem síðan voru kynnt gagnaðila og samdómendum og lögð fram við upphaf aðalflutnings. Þá komu fram af hálfu stefnanda skjöl, sem ekki var tími til að lesa, áður en munnleg meðferð hófst. Ber að átelja þennan hátt á gagnaöflun af hálfu stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Allan V. Magnússon héraðsdómari og Kristinn Daniélsson ljósameistari kváðu upp dóm þennan. Skipun samdómendanna byggist á 2. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Tilskilið samþykki er fyrir hendi.

D ó m s o r ð:

Staðfest er lögbann við, að stefndi, borgarstjórnin í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, geri eða láti gera breytingar á lofti á Kjarvalsstöðum. Stefndi greiði stefnanda, Hannesi Kr. Davíðssyni, 175.000,00 kr. í málskostnað.